

# Námsgrein: Samfélagsgreinar

# Bekkur: 9

Tímafjöldi á viku: 1 x 60 mín og 1 x 50 mín.

## Kennsluaðferðir og skipulag

Að mestu verður notast við efni á netinu og efni búið til af kennara. Einnig verður notast við námsbókina Um víða veröld, heimsálfur. Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar til að auka gæði námsins og til að nemendur kynnist og nái tókum á fjölbreyttum leiðum til náms. Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru mikilvægar vegna þess að nemendum henta ólíkar leiðir við nám, mikilvægt er að koma til móts við ólíkan námstil nemenda. Á sama hátt er mikilvægt að nemendur kynnist og nái tókum á mismunandi aðferðum til að geta valið á milli þeirra og beitt þeim. Í þessum áfanga verða útlistunarkennsla, spegluð kennsla, þjálfunaræfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferð og hópvinubrögð.

## Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemandi: <ul style="list-style-type: none"><li>- Lærir að greina aðalatriði frá aukaatriðum.</li><li>- Tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,</li><li>- Nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu,</li><li>- Nýtir gagnvirkir námsefni.</li></ul>
Sjálfbærni	Nemandi: <ul style="list-style-type: none"><li>- Lærir um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar.</li><li>- Þekkir Mannréttindasáttmála SP.</li></ul>
Heilbrigði og velferð	Nemandi: <ul style="list-style-type: none"><li>- Sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum,</li><li>- Fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum.</li><li>- Beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum.</li></ul>
Jafnrétti	Nemandi: <ul style="list-style-type: none"><li>- Fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi.</li><li>- Temur sér gagnrýna hugsun og skoðun.</li><li>- Fræðist um mismunun og forréttindi fólks í víðum skilningi.</li><li>- Tekur tillit til skoðana annarra.</li><li>- Metur og bregst við ólíkum skoðunum á fordómalausán hátt.</li></ul>
Sköpun	Nemandi: <ul style="list-style-type: none"><li>- Nýtir tæknina á skapandi hátt.</li><li>- Virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum.</li><li>- Nýtir hæfileika sína og skapar afurð.</li></ul>

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
. Landfræði	Um víða veröld, heimsálfur. Efni á netinu. Efni útbúið af kennara.	- Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfar.	- Verkefnabók á Microsoft OneNote. - Hópverkefni. - Umræður og þátttaka í kennslustundum.

		<ul style="list-style-type: none"> <li>- Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.</li> <li>- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.</li> <li>- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.</li> <li>- Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.</li> <li>- Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.</li> <li>- Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.</li> </ul>	
Saga	Efni á netinu. Efni útbúið af kennara.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.</li> <li>- Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.</li> <li>- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Verkefnabók á Microsoft OneNote.</li> <li>- Valverkefni um söguatburð.</li> <li>- Umræður og þátttaka í kennslustundum.</li> </ul>

		tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.	
Lífsleikni	Efni á netinu. Efni útbúið af kennara.	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.</li> <li>- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.</li> </ul>	Umræður og þátttaka í kennslustundum